

**107. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 8. júní 2021 og
hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir
varaformaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður
Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Framkvæmdaáætlun 2022 til 2032 - 2021040094

Lögð fram drög fjárfestingaráætlun 2022-2032 til umræðna.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur áherslu á að mótuð verði framtíðarsýn á viðhaldi gatna, gangstétta, göngustíga, vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu öllu og felur sviðsstjóra að leggja minnisblað fyrir á næsta fundi.

2. Númerslausir bílar í Ísafjarðarbæ - Málsmeðferð - 2021050028

Möguleg staðsetning fyrir lokað, girt svæði til geymslu á númeralausum bifreiðum.
Frestað til næsta fundar.

3. Landgræðsluáætlun 2021 -2031 og drög að umhverfismati áætlunarinnar - 2021050022

Landgræðslan óskar, fyrir hönd verkefnisstjórnar landgræðsluáætlunar, eftir umsögn um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031 og umsögn um drög að umhverfismati áætlunarinnar. Frestur til að skila inn umsögnum er til 14. júní næstkomandi.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísaði málinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar á fundi sínum þann 27. maí 2021

Frestað til næsta fundar.

5. Ákall til sveitarfélaga um að taka Bonn-áskoruninni - 2021050046

Lagður fram tölvupóstur Péturs Halldórssonar, f.h. Skógræktarinnar og Landgræðslunnar, dags. 10. maí 2021, ásamt fylgigögnum, þar sem skorað er á sveitarfélög að taka Bonn-áskoruninni, sem er alþjóðlegt átak um útbreiðslu skóga. Bæjarráð vísaði erindinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar á 1153. fundi sínum sem fram fór þann 17. maí 2021.

Frestað til næsta fundar.

6. Umhverfissjóður sjókvíaeldis - 2018010071

Lagður fram tölvupóstur Guðrúnar Önnu Finnbogadóttur f.h. Vestfjarðastofu, dagsettur 20. maí 2021, þar sem kynnt er úttekt á Umhverfissjóði sjókvíaeldis, sem fylgir með í viðhengi. Meðfylgjandi er jafnframt frétt sem Vestfjarðastofa hyggst birta um sjóðinn.

Á 1155. fundi bæjarráðs þann 31. maí 2021 var málinu vísað til umhverfis- og framkvæmdanefndar til kynningar.

Frestað til næsta fundar.

7. Hafrafellsháls - skógrækt - 2019060060

Á 1155. fundi bæjarráðs þann 31. maí 2021 mættu Jóhann Birkir, Hildur Dagbjört og Gísli Eiríksson til fundar við til umræðu um mögulega gróðursetningu á Hafrafellshálsi, auk annarra mála tengdum skógræktarmálum.

Bæjarráð fól bjarstjóra að kalla eftir uppfærðri tímaáætlun frá Ofanflóðasjóði, um að afmá veginn eins og fyrirhugað er.

Bæjarráð vísaði málinu jafnframt til kynningar í skipulags- og mannvirkjanefnd, og umhverfis- og framkvæmdanefnd.

Frestað til næsta fundar.

8. Aspir á Þingeyri, við Aðalstræti - 2021060020

Gerður Matthíasdóttir, Þingeyri, óskar eftir snyrtingu og fjarlægingu á öspum við Aðalstræti á Þingeyri sem eru á opnu svæði bæjarins. Fylgigögn eru myndir og samþykkt um verndun trjá í Ísafjarðarbæ.

Frestað til næsta fundar.

4. Skógrækt 2021-2031 og drög að landsáætlun ásamt umhverfismati áætlunar - 2021050048

Hrefna Jóhannesdóttir f.h. Skógræktarinnar, óskar eftir umsögnum um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031 og um drög að umhverfismati áætlunarinnar.

Tilfni mótunar nýrrar stefnu, landsáætlunar í skógrækt, byggir á 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Þar segir: Ráðherra gefur út eigi sjaldnar en á fimm ára fresti landsáætlun í skógrækt til tíu ára í senn. Landsáætlunin skal kveða á um stefnu stjórnvalda þar sem fjallað er um stöðu og framtíð skóga í landinu, ásamt tölusettum markmiðum um árangur í skógrækt.

Landsáætlun í skógrækt fjallar um málaflokkinn skógrækt, sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Skógræktin er sú ríkisstofnun sem fæst við málaflokkinn. Heildstæð stefna á þeim forsendum sem hér gilda hefur ekki áður verið unnin. Lokaafurð er heildarstefna í skógrækt á Íslandi til næstu 10 ára.

Skiptar skoðanir voru meðal aðila í verkefnisstjórn áætlunarinnar sem leiddi til þess að samið var minnihlutaálit. Það er að finna á sama stað og er einnig hægt að skila inn athugasemdum um það.

Nánari upplýsingar og skjöl til umsagnar er að finna á heimasíðu Skógræktarinnar, sjá: <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/landsaaetlun-i-skograekt/landsaaetlun-i->

skograekt/drog-ad-landsaaetlun-i-skograekt-2021-2025

Umsagnarfrestur er til 18. júní 2021.

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir